

## Verður framtíðin skorin niður?

Ásgeir H. Ingólfsson skoðar stöðu fræðiritsins og framtíðarinnar 5

## Ást iðkuð í sendibréfum

Soffía Auður Birgisdóttir rýnir í ritið Ég er þinn elskari eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur 10

## Í furðustofu sögunnar

Þorsteinn Vilhjálmsson greinir þemu í Andlit til sýnis eftir Kristínu Loftsdóttur 4

#05 / 2023

# Bækur

Heimildin

15. – 21. DESEMBER 2023 · 34. TBL. · 1. ÁRG.

## Bókmenntir og listir í nýjum veruleika

**Auður Aðalsteinsdóttir** umhverfishugvísindakona segir mannkynið státt mitt inn í framtíð sem það þekkir ekki vegna hamfarahlýnunar. Ógninni sem stafar af henni verður að hennar sögn ekki bara mætt með raun- og náttúruvísindum. 6–7



# Við erum komin mitt inn í einhverja framtíð sem við þekkjum ekki

**Auður Aðalsteinsdóttir**, doktor í bókmenntafræði, skoðar í nýútkomnu fræðiriti hvernig bókmenntir og listir á Íslandi eru að takast á við stærsta mál okkar samtíma og framtíðar: Hamfarahlýnun. Hún segir mannkynið nú þegar statt mitt inn í framtíð sem það þekkir ekki og samtíð sem það vill kannski ekki horfast í augu við. Hugvísindin, eða umhverfishugvísindin öllu heldur, segir hún mikilvægan hlekk í baráttunni við loftslagsvána og að framtíðin megi ekki við þeim niðurskurði sem boðaður er í Rannsóknarsjóði.



Alma Mjöll Ólafsdóttir  
skrifar

**H**vorugkynsorðið umhverfi er marglaga og margþætt, þrung-  
ið merkingum í fleirtölu og því lífrænt í sjálfu sér. Í orðinu rúmast fjórar skilgreiningar samkvæmt orðabók. Orðið umhverfi nær utan um nágrenni, landslag í nágrenni einhvers eða í kringum eitthvað en í því býr líka náttúrufræðingurinn í ljósi mannlegra athafna og verknaðar. Orðið umhverfi vísar þess vegna bæði til kringumstæðna eða aðstæðna manna en líka þeirra kringumstæðna og aðstæðna sem hann hefur sjálfur skapað sér.

Umhverfi á líka við í bókmenntafræðilegum skilningi og á þá við bæði andlegar og efnalegar aðstæður sögupersóna, þeirra innra og ytra líf en fjórða og síðasta skilgreining orðabókarinnar er varðar umhverfi vísar til raunvísinda, stærðfræðinnar og þar er umhverfi mengi þeirra punkta sem eru utan lokaðs ferils eða utan rúmmyndar. Innan orðsins rúmast því bæði hugvísindalegar og raunvísindalegar skilgreiningar, hvorug vísindin eiga orðið umhverfi, heldur deila þær því. Umhverfi í sínum víðasta skilningi vísar til alls þess sem fyrirfinnst á jörðinni, mannlegu og náttúrulegu, manngerðri náttúru og mannkyninu sem náttúrulegu fyrirbæri, eins og Þorvarður Árnason orðaði það eitt sinn.

Auður Aðalsteinsdóttir, doktor í bókmenntafræði, er ein margra um heim allan sem stundar umhverfishugvísindi, fræði sem mynda eins konar brú á milli raunvísinda og hugvísinda, fræði sem gera ráð fyrir því að án hugvísinda sé ekki hægt að takast á við umhverfismál, loftslagsbreytingar, og því deili vísindagreinarnar orðinu, og þeim veruleika sem býr innan þess. Auður er í raun hlekkur í stærri keðju, sem reynir að ná utan um stærsta mál okkar samtíma og framtíðar; hamfarahlýnun. Nýlega hlaut hún stöðu forstöðukonu nýs Rannsóknarseturs Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit tileinkuðu umhverfishugvísindum.

**„Það er greinilegt að fólk er að reyna að nýta sér þau form sem við höfum og teygja þau og toga til þess að reyna að lýsa þessum veruleika, eða takast á við hann öllu frekar.“**

## Útgáfa fræðirita hugsjónastarfsemi

Umhverfismál hafa að sögn Auðar alltaf verið á „borði hugvísindanna“ en það að tala um umhverfishugvísindi endurspeglar aukna áherslu á umhverfismál almennt, sem og aukna meðvitund um að „umhverfsvanda samtímans verður ekki bara mætt á sviði náttúruvísinda, heldur þarf ekki síður að huga að samspili náttúru og menningar,“ samspili sem hún segir vísindamenn verða æ meðvitaðri um. „Það vantar eitthvað upp á rannsóknir á loftslagsbreytingum af mannavöldum ef við greinum ekki þá menningarlegu þætti sem liggja þar að baki.“

En til þess þurfi tíma og vinnu og rannsóknir og útgáfa fræðirita krefjast beggja þessara þátta, auk fjármagns sem Auður segir að sé af skorum skammti á Íslandi og kallar útgáfu fræðirita hér á landi „hugsjónastarfsemi“ að því leyti að líklegra sé að útgáfa slíkra bóka sé í taprekstri og styrkinnir að baki vinnunni sé ekki „upp í nös á ketti“. Þriggja mánaða styrkir dugi ekki í þriggja ára vinnu.

Hún segir samband almennings og fræðimanna á Íslandi virkt, áhuga almennings mikinn og fræðiritin aðgengileg. Það sé því til staðar nálægð, tengsl og víxlverkun sem sé lífsnauðsynleg vistkerfum í hvaða formi



### Tilvitnunin sem hafði áhrif

„Þetta sokkna land  
á samastað  
djúpt  
djúpt  
í hugarfylgsnum mínum“

Þessar línur úr ljóðabókinni Vist-arverur eftir Hauk Ingvarsson hafa setið í mér síðan ég las þær fyrst fyrir nokkrum árum. Þær kölluðu fram í huga mér minningar um landslagið við Kárahnjúka, sem liggur nú á botni Háslóns, en eins og margir aðrir gekk ég um svæðið í fylgd Ástu Arnar-dóttur og Óskar Vilhjálmssdóttur. Mér finnst Haukur ná svo vel að lýsa þeirri tilfinningu þegar eitthvað hverfur úr landslaginu en við getum áfram kall-að það fram í huganum – og fallett hvernig röðun orðanna í línur líkir eftir því að sökkva

sem þau birtast. „Ef við viljum halda í þessa frábæru sérstöðu okkar, að almenningur fylgist vel með og tekur jafnvel þátt í fræðilegri umræðu, þá þarf að gera fræðimönnum kleift að stunda tímafrekar rannsóknir og koma þeim á framfæri á aðgengilegan hátt.“

Í heimi hamfarahlýnunar, heimi sem samkvæmt Auði, samtvinnuð kerfi kapitalisma, feðraveldis, nýlenduhyggju og rányrkju, hafi mótast út frá mannhverfum hagsmunum þeirra fáu sem tróna á toppnum „á kostnað umhverfisins og annarra,“ hefur enginn tíma, hvorki mannkynið né jörðin, umhverfið. Mannkynið talar um að brenna út á sama tíma og jörðin hitnar og skógar brenna. Það sé því mikilvægt að staðnæmast í tíma og rúmi og líta í kringum sig og nefnir í því samhengi bókina Sveppurinn á heimsenda: möguleikar lífs í rústum kapitalismans, eftir Önnu Tsing, þar sem tegund sveppa þrífast aðallega þar sem maðurinn hefur rústað náttúrulegu umhverfi þeirra, „þar ná þeir fótfestu og mynda samlífi með trjám,“ segir hún og bætir við:

„Að horfa í kringum sig er að taka eftir svona hlutum, hvað það er sem þrífst í rústunum.“

### Hamfarir eru spegill og möguleiki á breyttri spegilmýnd

Í nýútkomnu fræðiriti, Hamfarir í bókmenntum og listum, fjallar Auður um hvernig aukin meðvitund um hamfarahlýnun birtist í íslenskum samtímabókmenntum og listum. Þekkinguna hefur hún sótt bæði í aðra hlekki, önnur fræðirit utan úr heimi og sínum eigin rannsóknnum á viðfangsefninu. Hún notar í raun þekkingu annars staðar frá, og sína eigin, til að setja menningu og listir á Íslandi í hnattrænt samhengi, á sama tíma og hún skoðar hvað sé séríslenskt við þær, úr hvaða umhverfi þær eru sprottnar og þá inn í hvaða umhverfi þær tala.

Ritið er að hennar sögn fullt af hugmyndum, hvaðanæva að úr heiminum, ritið beri þess merki. „Það sem er bæði ótrúlega skemmtilegt og erfitt er að það er svo mikið að gerast að það kemur stanslaust eitthvað nýtt fram sem er svo ofboðslega áhugavert.“ Rauði þráðurinn sem hún þræðir í gegnum það er alltaf ógnin sem við, sem eitt visterfi heimsins, stöndum frammi fyrir.

En samkvæmt ritinu felst meira í því að skoða hamfarir en það eitt að staðfesta ógnina, heldur eru hamfarir líka skoðaðar sem möguleikinn til að læra af þeim og um sjálfan sig og um mannkynið allt, grundvallarhugmyndir mannsins um rétt og réttlæti, siðferði, og hugmyndir hans um framtíðina. Hamfarir eru þannig spegill um leið og þær eru möguleiki á að breyta spegilmýndinni. Eins og Auður orðar það í ritinu, togast á lamandi svartsyni og hvatning til hugarfarsbreytinga.

Í ritinu er fjallað bæði um manninn sem jarðsögulegt afl og hvernig hann

hefur miðjuset sig og um leið jaðarsett jörðina, hvernig hann hefur tekið sér drottnandi stöðu á kostnað alls þess sem er, en ritið fjallar líka um og skoðar það sem ekki er mennskt, dýr, gróður og yfirnáttúrulegar verur, svo dæmi séu tekin, allt frá japanskri sveppategund ræktaðri í Bandaríkjunum til trölla á Íslandi.

### Alltaf að takast á við samtímann í sögulegum skáldskap

Auður fékk fyrst áhuga á þessari tengingu samtímabókmennta og náttúru þegar hún var að fara yfir allan þann fjölda af ritdómum sem hún hefur skrifað og tók þá eftir því hversu oft í sögulegum skáldskap íslenskir höfundar notuðu náttúruhamfarir og hörmungar af einhverjum toga til að lýsa bæði innra lífi sögupersóna og sem spegil á samtímann. „Við erum náttúrulega alltaf að takast á við samtímann í sögulegum skáldskap,“ segir hún og bætir við: „Við leitum í eldri hamfarir. Við eigum okkar reynslu af eldgosum, jarðskjálftum, snjóflóðum og hörmungum sem biða okkar í náttúrunni. Á meðan skrifar dönsk skáldkona um rós sem mun drepa alla. Þar hefur dönsk náttúra áhrif.“

Trú hennar á bókinni er samt ekki þannig að hún muni bjarga heiminum. „Ég hef einmitt stundum upplifað að það sem maður skrifi eða geri sé tilgangslaust. Það er samt einhver þörf hjá okkur að vinna úr reynslunni okkar og heiminum í gegnum bókmenntir og listir og svo er það hvers og eins að leggja mat á hversu gagnleg sú tilraun er.“

Fyrsti hluti Hamfara fjallar um umhverfiskviða eða tráma. „Þessar tilfinningar sem við erum að upplifa, sem við erum enn að reyna að vinna úr. Ég veit ekki hvort við getum unnið úr þeim.“ Hún segir áhugavert að skoða hvaða áhrif þessar tilfinningar hafa haft á bókmenntaformið og hvernig fólk nýtir það á skapandi hátt til þess að takast á við þær. „Það er greinilegt að fólk er að reyna að nýta sér þau form sem við höfum og teygja þau og toga til þess að reyna að lýsa þessum veruleika, eða takast á við hann öllu frekar.“

### Misskipting valds kjarni loftslagskrísunnar

Í öðrum hluta eru orsakir loftslagsbreytinga skoðaðar ásamt þeim tilraunum listamanna til að benda á óréttlætið sem felist í orsökunum. Í bókinni er að finna tilvitnun sem segir beinlínis að „misskipting valds í heiminum sé kjarni loftslagskrísunnar sem við stöndum frammi fyrir“. Auður notar meðal annars kenningar vistfemínismans til að skoða orsökina. Femínismi sem kom sterkur inn á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar hafi rutt veginn fyrir nýjum viðhorfum og í kjölfarið voru umhverfismál skoðuð með kynjafræðilegum vinkli. „Femínisminn ögrar karlaveldinu, hugmyndum okkar um stígveldi og samkeppni,“ segir hún og bætir við að áhrif þess í bókmenntum og menningu megi til dæmis sjá í því að ögra hugmyndum mannsins á listamanninum sem snilling sem trónir yfir aðra.

Auður lýsir listamanninum sem snillingi þannig að hann upplifi sig ekki eiga samleið með öðrum, hann loki sig af, „dæmdur til að vera einn og einmana“. Sýn hans á heiminn, umhverfið, náttúruna og aðra menn verður þá til í einangrun. Femínisminn, boði hins vegar samvinnu og samtal við aðra og umhverfið og að hvorki listamaður né listaverk eigi að vera sett á stall. Vistfemínismi skoðar hvernig konan og náttúran hafi bæði verið sett á stall og kúguð á sama tíma. Náttúrunni hefur verið líkt við konu og konu verið líkt við náttúruna og líkingin um jörðina sem móður hefur lifað flest af.

Breski heimspekingurinn Kate Soper lýsir því þannig að ef konur hafa verið lítillækkaðar og neitaður aðgangur að menningu vegna tengsla þeirra við náttúruna, hefur lítillækkun náttúrunnar sömuleiðis verið viðhaldið vegna

## „Að horfa í kringum sig er að taka eftir svona hlutum, hvað það er sem þrífst í rústunum.“

framsetningu á henni sem kvenkyns.

**Bókmenntafræðilegur fjölbreytileiki** Stígveldishugmyndin á að sögn Auðar einnig við í bókmenntum. Í stað þess að líta á bækur og höfunda út frá stígveldi mætti sjá bókmenntir fyrir sér sem vistkerfi:

„Þar sem fjölbreytileiki og tengingar skapa styrkleika,“ segir hún og bætir við:

„Vistrýnin hafnar þeirri hugmynd að mannkynið tróni efst í náttúrulegu stígveldi og yfirleitt má efast um að slík stígveldi séu yfirhöfuð æskileg. Það myndi gagnast okkur meira að líta á bókmenntir sem eins konar net tenginga eða samspil. Visthverf sýn á heiminn, og þá einnig á listirnar, felur í sér áherslu á nálægð, víxlverkun og endalausar tengingar, hvernig allt þæfist saman í vistkerfi jarðar. Við rannsóknir á vistkerfum er ekki upplýsandi og líklega frekar afvegaleiðandi að reyna að ákvarða hvaða þáttur, hlutur, tegund eða einstaklingur er stærstur, mikilvægastur eða æðstur.“

Sömuleiðis segir hún að hugmyndin um líffræðilegan fjölbreytileika væri hægt að yfirfæra á bókmenntir en hugtakið líffræðilegur fjölbreytileiki vísar til fjölbreytileika alls lífs frá hinu smæsta til hins stærsta, á meðal tegunda, innan tegunda og vistkerfa. Höfundar noti mismunandi aðferðir í tjáningu sinni og sköpun og fjölbreytileikinn sé þar nauðsynlegur eins og í öðrum vistkerfum. „Sumir höfundar hafa talað um bókmenntafræðilegan fjölbreytileika eða þá að það sé tenging á milli líffræðilegs fjölbreytileika og sköpunarkraftsins, að ef við missum fjölbreytnina ryrni ímyndunaraflið, það sé tenging þar á milli. Hugmyndin um fjölbreytileika er ekki bara lífsnauðsynleg í náttúrunni eða í vistfræðilegum skilningi heldur líka hvað menninguna varðar.“

### Listamenn farnir að breyta sjónarhorninu

Í þriðja hluta ritsins skoðar Auður hvernig bókmenntirnar og listin bregðast við því að mannkynið sé státt í nýjum veruleika. „Við erum komin mitt inn í einhverja framtíð sem við þekkjum ekki. Það er áhugavert að skoða hvernig fólk bregst við því og hvernig listin getur brugðið á leik með það.“ Hún segir listina og bókmenntirnar okkar „tæki til að ímynda okkur ótrúlegustu hluti“ meðal annars hvernig pósthúmanískur heimur myndi líta út.

„Þá er fólk farið, í raun og veru, að reyna að breyta viðhorfinu, breyta sjónarhorninu,“ segir hún og nefnir sem dæmi að horfa ekki lengur á manninn ofar náttúru heldur hluta af henni og hluta af því sem er að gerast. Íslenskir höfundar virki ímyndunaraflið, aflið sem sem felst í ímyndun, meðal annars með því að nota fantasíuformið með vísunum í til dæmis þjóðtrú og yfirnáttúrulegar verur og hluti. „Það er áhugaverður vinkli að vera viljug til að stíga skref inn í annan veruleika eða gera ráð fyrir honum og annars konar tilveru. Það er eitt sem við þurfum að takast á við, tilveran, veruleikinn er að breytast.“

Í því tilliti finnst henni áhugavert að skoða hvernig íslenskir höfundar nýti þjóðsögurnar sem dæmi um sambýli með öðrum verum. „Eins og tröll og drauga, sem eru þá eins og hinir (e. other) eða aðrar verur sem passa ekki inn í okkar veruleika, en eru samt þarna að trufla okkur,“ segir hún og bætir við: „Það er líka áhugavert hvernig er verið að nota þessi stef á nýjan hátt, endurnýta hefðina. Höfundarnir eru með sína hefð en í þessa stóru alþjóðlegu umhverfisorðræðu.“

Hún segir mikilvægt að hugsa um umhverfishugvísindi, þar með talið bókmenntir og listir, á hnattrænum skala. „Við erum ekki bara að kljást við eitthvað sem gerist hérna á Íslandi. Allt tengist. En við erum ekkert með meira eða betra en hinir en við höfum eitthvað sem er okkar.“ ■

Auður notar þekkingu annars staðar frá, og sína eigin, til að setja menningu og listir á Íslandi í hnattrænt samhengi, á sama tíma og hún skoðar hvað sé séríslenskt við þær.

MYND: HÖRÐUR SVEINSSON